

# Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 2 (3. og 4. kennslustund)

Vogaskóli, 10. september 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

## Verkaskipting á heimilum. Kvennastétt og karlastétt, hvers vegna?

Rifjuðum upp hvað við gerðum í síðasta tíma og ræddum um jafnrétti kynjanna. Börnin voru miklu virkari og meðvitaðari um jafnrétti kynjanna. Kannski þurftu þau tíma til að átta sig og líka hafa þau eflaust rætt þetta heima út frá sínum veruleika. Það er einmitt það sem kennarar höfðu áhyggjur af að kannski vorum við með of einfalda mynd af því sem telst vera jafnrétti. Kannski var umræðan of einsleit um hvað telst vera jafnrétti á heimilum. Kennari ræddi við nemendur um að kannski sjá þau ekki allt sem foreldrar þeirra gera, það sem virkar á einu heimili sem góð verkaskipting virkar kannski ekki á næsta heimili. Kennari ræddi um að foreldrar ákveða oftast hvers konar verkaskipting henti þeim best. Sumir vinna mikið utan heimilis á meðan aðrir vinna mikið inn á heimilinu. Út frá því spannst umæða um hvað foreldrar gera eiginlega á heimilinu annað en að skúra og vaska upp. Áhugaverð umræða!

Einnig ræddum við hvers vegna sumar stéttir eru kallaðar kvennastéttir og aðrar stéttir karlastéttir. Börnin voru mjög hissa á að heyra hvers vegna það eru bara karlar í slökkviliðinu og hvers vegna það eru nánast bara konur að kenna í Vogaskóla. Hvers vegna eru ekki karlkennarar þar sem það er svo gaman að vera í Vogaskóla? Hvað er það sem lætur fólk ráða hvað það verður þegar það fullorðnast?

